




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um efnahags- og fjármálastefnu 2025–2030

Samvinna og sameiginlegar aðgerðir fyrir
öflug, stöðug og sveigjanleg norræn
hagkerfi



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Pólítískar áherslur	7
Markmið 1: Grænu umskiptin á Norðurlöndum skulu eiga sér stað með kostnaðarhagkvæmum og félagslega réttlátum hætti	9
Markmið 2: Efla samkeppnishæfni, viðnámsþol og samþættingu norrænu hagkerfanna	11
Úttekt á samstarfsáætluninni	13
Um ritið	14

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politknord2024-728>

Formáli



Elisabeth Svantesson, fjármálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 sameiginlega framtíðarsýn um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Þetta er mikilvæg og metnaðarfull framtíðarsýn sem krefst skilvirkra aðgerða og stefnumótunar – einnig á sviði efnahags- og fjármála.

Traustir rammar um efnahagsmál og ábyrg fjármálastefna í norrænu löndunum er mikilvæg forsenda þess að við getum tryggt efnahagslegan stöðugleika og aukið samkeppnishæfi Norðurlanda og velferð og gera þannig sameiginlega framtíðarsýn okkar að veruleika. Við erum lítil og opin hagkerfi, háð útflutningi, og því skiptir máli að við tryggjum stöðugleika í þessum efnum.

Hin grænu og stafrænu umskipti fela í sér ný tækifæri og nýjar áskoranir. Til að við getum staðið við skuldbindingar okkar í loftslagsmálum er þörf á skilvirkum grænum umskiptum. Efnahagsstefna norrænu landanna þarf að styðja við og flýta fyrir því að þau umskipti fari fram með hagkvæmum og réttlátum hætti. Og að hún skapi tækifæri fyrir alla á Norðurlöndum.

Við stöndum frammi fyrir breyttum aðstæðum sem hafa áhrif á hagkerfi okkar og opinbera fjármálastefnu á komandi árum. Íbúar í norrænu löndunum verða sífellt eldri og um leið gera nýjar og krefjandi aðstæður í öryggismálum og breyttur geópólítískur veruleiki það að verkum að við þurfum að beina auknum kröftum til varnar- og öryggismála og stíga ölduna í ótryggari heimi.

Norrænu hagkerfin eru vel í stakk búin til þess að takast á við þessar áskoranir og skapa um leið hagvöxt og auka velferð íbúanna. Norræna (MR-FINANS) er mikilvægur vettvangur fyrir samstarf norrænu ríkisstjórnanna á sviði efnahags- og fjármála.

Norrænu efnahags- og fjármálaráðherrarnir vilja með þessari samstarfsáætlun fyrir árin 2025-2030 leggja áherslu á forgangsmál og aðgerðir á þessu sviði þar sem við í sameiningu – með miðlun reynslu og sameiginlegum aðgangi að tólum til að mæta efnahagslegum áskorunum – getum tryggt öflugari og stöðugri efnahagslegar aðstæður fyrir Norðurlönd í heild sinni.

Markmið okkar er að viðhalda og efla viðnámsþrótt norrænu hagkerfanna, samkeppnishæfni þeirra og vaxtarmöguleika. Þannig getum við mætt áskorunum framtíðarinnar og stuðlað að jákvæðum breytingum fyrir íbúa Norðurlanda. Og þannig gerum við að veruleika þá framtíðarsýn okkar að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Njótið lestursins!



Elisabeth Svantesson
fjármálaráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Í samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um efnahags- og fjármálastefnu, MR-Finans, er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst.

Á tímabilinu 2025–2030 verður áherslan í norrænu samstarfi á sviði efnahags- og fjármála á að styðja við stefnumörkun og lausnir sem stuðla að hagkvæmum og félagslega réttlátum grænum umskiptum á Norðurlöndum. Einnig verður lögð áhersla á samstarf og stefnumótun sem styrkir samkeppnishæfni og viðnámsþol norrænu hagkerfanna, eykur hagvaxtarmöguleika til lengri tíma og eflir frjálsa för og samþættingu þvert á norræn landamæri.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðrir viðeigandi aðilar komu að gerð samstarfsáætlunarinnar. Ráðherranefndinni hafa borist ábendingar um efni samstarfsáætlunarinnar frá norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni.

Samstarfsáætlunin er leiðandi í allri starfsemi undir ráðherranefndinni um efnahags- og fjármálastefnu. MR-Finans samþykkti samstarfsáætlunina hinn 4. júní 2024 í Stokkhólmi og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því markmiði Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýnina um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina með hinum þremur stefnumarkandi áherslum.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólítískar áherslur

Áskoranir norrænu landanna á sviði efnahags- og fjármálastefnu eru nátengdar þeim skipulagslegu breytingum í efnahagsmálum sem Norðurlönd standa frammi fyrir á næstu árum. Hagkerfi norrænu landanna eru lítil og útflutningsmiðuð og því hefur alþjóðleg þróun í efnahagsmálum, ekki síst í ESB-löndunum, mikil áhrif á þau.

Norrænu löndin hafa sett sér háleit markmið í loftslagsmálum. Eigi þau að nást þarf að hraða hinum grænu umskiptum þvert á norræn hagkerfi og samfélög. Það er forgangsverkefni að tryggja stöðugleika í efnahagslegri umgjörð á Norðurlöndum og alþjóðlega sem getur með skilvirkum hætti og í samræmi við sjálfbær ríkisfjármál flýtt fyrir hagkvæmum grænum og atvinnuskapandi umskiptum. Það krefst þess að hagkerfi og vinnurmarkaðir séu reiðubúin að takast á hendur umskipti og að efnahagsstefnan, með fjármálastefnuna sem lykilúrræði, flýti fyrir loftslagsvænum aðgerðum og styðji við grænar lausnir og stuðli að því að tryggja skilvirka ráðstöfun einkafjármagns og fjárfestinga. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að grænu umskiptin fari fram með þeim hætti að þau styðji við norræna vinnurmarkaðslíkanið og stuðli að félagslegri samstöðu, lágmarki atvinnuleysi og efnahagslegan ójöfnuð og skapi öllum íbúum á Norðurlöndum tækifæri.

Norrænu löndin standa frammi fyrir miklum skipulagslegum breytingum á næstu árum sem bæði munu fylgja ný tækifæri og áskoranir. Lýðfræðilegar breytingar á borð við hækkandi meðalaldur íbúa og tilhneigingu til þess að vinna minna eru afleiðingar aukinnar velferðar í norrænu löndunum. Slíkar breytingar hafa í för með sér aukið álag á ríkisfjármálin í norrænu löndunum og kalla á endurskoðun og aðgerðir sem ýta undir aukna atvinnuþátttöku og virkni og styrkja Norðurlönd sem samþætt svæði. Að auki á sér stað hröð tækniþróun, meðal annars á sviði gervigreindar, sem bæði hefur í för með sér ný tækifæri og nýjar ógnir. Norrænt samstarf á sviði efnahags- og fjármálastefnu getur átt þátt í að styðja við sameiginlegar lausnir og stefnur sem styrkja viðnámsþrótt norrænu landanna og efla hagvaxtarmöguleika á Norðurlöndum til langs tíma með sjálfbærum hætti.

”

Það er forgangsverkefni að tryggja stöðugleika í efnahagslegri umgjörð á Norðurlöndum og alþjóðlega sem getur með skilvirkum hætti og í samræmi við sjálfbær ríkisfjármál flýtt fyrir hagkvæmum grænum og atvinnuskapandi umskiptum

Um leið hefur versnandi staða í heimsmálum og aukin togstreita á milli landa og svæða í heiminum í för með sér sérstaka hættu fyrir norrænu löndin sem eru lítil og treysta á nýsköpun og útflutning og eru því háð efnahagslegum stöðugleika á alþjóðavísu og opnum alþjóðlegum mörkuðum fyrir viðskipti og fjárfestingar. Aukin notkun ríkisstyrkja í löndum utan Norðurlanda mun veikja alþjóðlega samkeppni, valda norrænum nýsköpunarfyrirtækjum erfiðleikum og hugsanlega skapa þrýsting á aukna notkun opinbers fjár með samsvarandi hætti í norrænu löndunum. Öflugra samstarf, gagnkvæmt aðgengi og sameiginlegur skilningur á milli norrænu landanna skiptir miklu máli til þess að unnt sé að takast á við sameiginlegar áskoranir á sviði efnahags- og fjármála og til þess að efla rödd Norðurlanda út á við.

Norrænt samstarf á sviði efnahags- og fjármálastefnu innan MR-Finans er helsta umgjörðin um miðlun reynslu, samræmingu og stuðning við samnorrænan þekkingargrunn sem getur bætt forsendur norrænu landanna til þess að tryggja efnahagslega þróun og velferð, styrkt samkeppnishæfni Norðurlanda og tryggt inngildandi græn og stafræn umskipti í norrænum samfélögum. Í samstarfi okkar á tímabilinu 2025–2030 verður áhersla á að vinna saman í tengslum við áskoranir varðandi efnahagsstefnu og stuðning við verkefni sem hafa norrænt notagildi og tillögur að styrkari efnahagsstefnu í norrænu löndunum.

Ráðherranefndin um efnahags- og fjármálastefnu hefur samþykkt markmið og undirmarkmið starfsins á tímabilinu 2025–2030. Allt norrænt samstarf á þessu málefnasviði er unnið með hinar pólitísku áherslur að leiðarljósi. Það þýðir að á þessum markmiðum skuli byggja aðgerðir sem skila þeim árangri og hafa þau áhrif að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að.

”

Markmið okkar er að viðhalda og efla viðnámsþrótt norrænu hagkerfanna, samkeppnishæfni þeirra og vaxtarmöguleika. Þannig getum við mætt áskorunum framtíðarinnar og stuðlað að jákvæðum breytingum fyrir íbúa Norðurlanda. Og þannig gerum við að veruleika þá framtíðarsýn okkar að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims

Markmið 1: Grænu umskiptin á Norðurlöndum skulu eiga sér stað með kostnaðarhagkvæmum og félagslega réttlátum hætti



Græn Norðurlönd

Eigi loftslagsmarkmiðin að nást verður að hraða hinum grænu umskiptum í norrænum hagkerfum og samfélögum. Mikilvægt er að umskiptin eigi sér stað með eins hagkvæmum hætti og hægt er þannig að umgjörð efnahagsstefunnar stuðli að því að ýta undir skilvirka ráðstöfun auðlinda, heilbrigð og stöðug efnahagsleg skilyrði fyrir grænar fjárfestingar, atvinnugreinar og vinnustaði og þannig að aðgerðir til þess að draga úr losun séu kostnaðarhagkvæmar og stuðli að félagslega réttlátum grænum umskiptum. MR-Finans mun styðja við miðlun reynslu, þekkingar og lausna á milli Norðurlanda sem auðvela þetta ásamt því að miðla norrænni reynslu og lausnum á alþjóðavettvangi.

Undirmarkmið 1.1:
Efla þekkingu um og árangursríka notkun á efnahagslegum stýritækjum til þess að styðja við græn umskipti

MR-Finans mun styðja og efla lausnir sem byggjast á þekkingu og norrænt samstarf um árangursríka notkun og innleiðingu efnahagslegra stýritækja til þess að styðja við og flýta fyrir grænu umskiptunum í norrænu löndunum.

Undirmarkmið 1.2:
Styðja við samþættingu loftslags-sjónarmiða við þjóðhagfræðilegar stefnur og líkön á Norðurlöndum og alþjóðavísu til þess að ná fram kostnaðarhagkvæmum grænum umskiptum

Norrænu löndin eru framarlega þegar kemur að því að flétta loftslagssjónarmið við þjóðhagfræðileg líkön. MR-Finans mun stuðla að því að efla hagnýtt norrænt samstarf og þekkingarmiðlun og styðja við alþjóðlegt hlutverk og forystu Norðurlanda á þessu sviði.

Undirmarkmið 1.3:
Samstarf um að efla efnahagsstefnu í norrænu löndunum sem tryggir inngildandi græn umskipti og efnahagsþróun

Grænu umskiptin í norrænum hagkerfum eiga að eiga sér stað með félagslega réttlátum hætti sem styður við norræna vinnumarkaðslíkanið og stuðlar að félagslegri samstöðu, lágmarkar atvinnuleysi og efnahagslegan ójöfnuð og skapar öllum íbúum á Norðurlöndum tækifæri. MR-Finans mun efla miðlun reynslu á milli norrænu landanna og stefnumótun sem getur stutt við inngildandi efnahagsþróun í norrænu löndunum með tilliti til grænna og stafrænna umskipta.

Markmið 2: Efla samkeppnishæfni, viðnámsþol og samþættingu norrænu hagkerfanna



Samkeppnishæf Norðurlönd

Norrænu hagkerfin eru almennt vel í stakk búin til þess að takast á við miklar skipulagslegar breytingar og aukna alþjóðlega samkeppni. Norrænu löndin eiga að byggja ofan á þetta og vinna saman að því að styrkja umgjörð, stefnu og lausnir sem stuðlað geta að því að auka hagvaxtarmöguleika Norðurlanda til langs tíma, efnahagslegan viðnámsþrótt og samkeppnishæfni, ekki síst í ljósi nýrrar stöðu heims mála og tækniþróunar. MR-Finans mun stuðla að aukinni miðlun reynslu á milli norrænu landanna og stefnumótun sem byggist á þekkingu á sviði efnahagsmála og fjármálastefnu sem stuðlað getur að uppfyllingu þessara markmiða.

Undirmarkmið 2.1:
Samstarf um eflingu
kostnaðarhagkvæmra
stefna í löndunum og
aðgerðir til þess að
auka hagvaxtar-
möguleika á
Norðurlöndum til
langs tíma

Samstarf og stuðningur við stefnumótun sem byggist á þekkingu í norrænu löndunum á að stuðla að aukinni framleiðni, atvinnuþátttöku og hagvaxtarmöguleikum til langs tíma í norrænu löndunum. Samfara hækkandi meðalaldri íbúa á Norðurlöndum er mjög mikilvægt að fækka þeim sem eru á vinnufærum aldri en standa utan vinnumarkaðar.

Undirmarkmið 2.2:
Auka sameiginlega
aðkomu að efna-
hagslegum
úrlausnarefnum í
norrænu löndunum
og á alþjóðavísu

Norðurlönd standa frammi fyrir æ flóknara umhverfi í tengslum við alþjóða efnahagsmál. Aukin samræming og sameiginleg aðkoma að efnahagslegum úrlausnarefnum og framkvæmd viðeigandi ESB- og EES-löggjafar getur aukið samkeppnishæfni og viðnámsþol Norðurlanda og eftt rödd og vægi Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Undirmarkmið 2.3:
Koma í veg fyrir og
draga úr stjórnsýslu-
hindrunum sem
hamla frjálsri för
vinnuafis á
Norðurlöndum og
efnahagslegri
sambættingu

Ef Norðurlöndum á að takast að uppfylla framtíðarsýnina um að verða samþættasta svæði heims árið 2030 verður að koma í veg fyrir og draga úr stjórnsýsluhindrunum sem rekja má til efnahagsstefna landanna og stjórnsýslulegra reglna. MR-Finans mun vinna að því að efla sameiginlegar lausnir á stjórnsýsluhindrunum sem hamla frjálsri för vinnuafis og efnahagslegri sambættingu á Norðurlöndum.

Úttekt á samstarfsáætluninni



Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um efnahags- og fjármálastefnu 2025–2030

PolitikNord 2024:728

ISBN 978-92-893-7929-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-7930-4 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-728>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Norden.org, Nordregio, Unsplash.com

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur